



# Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Netfang [krfi@krfi.is](mailto:krfi@krfi.is), [www.krfi.is](http://www.krfi.is)

2. tbl. 2007 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Halldóra Traustadóttir

\*\*\*\*\*

## Af starfi KRFÍ í sumar

### 1) Alþjóðleg ráðstefna

Kvenréttindafélag Íslands stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á Grand Hótel í júní undir yfirskriftinni: A Place for Prostitution? Gender Equality and Respect in Modern Societies, eða Fara vændi og virðing saman í nútímaþjóðfélagi?

KRFÍ bauð nokkrum góðum gestum að vera með framsögu og taka þátt í pallborðs-umræðum. Þetta voru þau Rosy Weiss frá Austurríki, forseti International Alliance of Women (IAW), Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður og formaður Samfylkingarinnar, Marit Kvamme frá Noregi sem situr í stjórn Women's Front of Norway og Network Against Prostitution and Trafficking in Women og Rachael Lorna Johnstone frá Skotlandi sem er lektor við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta sá um fundarstjórn.

### **Nýjar áherslur**

Tilgangur ráðstefnunnar var að ræða aðra fleti á vændi en lagalega stöðu vændis. Erindin voru öll mjög áhugaverð og spunnust einnig líflegar umræður í lokin þegar áheyrendur áttu þess kost á að bera upp spurningar til pallborðspátttakenda.

Í málflutningi frummælenda mátti greina tvær meginlínur. Annarsvegar sú afstaða að ekki megi skerða þann frjálsa vilja sem konur hafa yfir eigin líkama og því eigi t.d. ekki að beita sér fyrir banni á vændi. Rosy Weiss greindi frá því að innan IAW hefði ekki tekist að komast að niðurstöðum um sameiginlega afstöðu til vændis né heldur hvernig skilgreina eigi vændi. Hún taldi að samtökin yrðu að byggja frekari umræðu og skilgreiningar á vændi á þeim alþjóðlegu mannréttindasáttmálum þar sem jafnrétti kynjanna er tryggt (Mannréttindasáttmáli S.þ.) og þar sem réttindi kvenna eru sérstaklega höfð að leiðarljósi (CEDAW<sup>1</sup> sáttmálinn). Hún benti á að mikilvægur hluti af mannréttindum kvenna væri að ráða yfir eigin líkama.

Rachael Johnstone talaði fyrir því sjónarhorni að kanna eigi sem flesta fleti vændis; um væri að ræða flókið fyrirbæri félagslegra- og samfélagslegra aðstæðna og skilgreiningar á þeim hugtökum sem hér um ræddi, þ.e. vændi, virðing og nútíma samfélag, væri heldur ekki án

---

<sup>1</sup> Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women (Samningur S.þ. um afnám allrar mismununar gagnvart konum).

vandkvæða. Rachael taldi að vændi mætti rekja til efnahagslegs misréttis og ójafnréttis kynjanna. Hún velti því t.d. fyrir sér hvort vændi myndi hverfa ef upp stæði þjóðfélag sem byggði á raunverulegu jafnrétti kynjanna eða öfugt: Mun jafnréttisþjóðfélag myndast ef vændi yrði afmáð með öllu úr samfélaginu? Áhugaverðar spurningar, en erfitt er að segja til um svör við þeim þar sem slík þjóðfélög hafa aldrei verið reynd.

Ágúst Ólafur Ágústsson og Marit Kvamme voru eindregnir fylgjendur þess sjónarmiðs sem tekur afstöðu gegn vændi og vilja að kaup á vændi verði gert refsivert. Þeir sem taka þessa afstöðu skilgreina vændi sem ofbeldi. Þau voru sammála um að hvorki virðing né jafnrétti kynjanna væru til staðar þar sem vændi viðgengist. Marit Kvamme greindi frá því að um 80% vændiskvenna í Noregi væru af erlendu bergi brotnar og benti allt til þess að þar væri um mansal að ræða frekar en frjálst val kvennanna. Þannig benti Marit á sterk tengsl mansals og vændis skv. rannsóknum sem gerðar hafa verið í Noregi. Þar sem fylgjendur þessa sjónarmiðs skilgreina vændi sem kynbundið ofbeldi, þykir heldur ekki rétt að viðurkenna vændi sem starfsgrein.

### **Vændi og virðing fer ekki saman**

Þótt frummælendur kynntu mismunandi fleti og sjónarmið á vændi er ekki hægt að segja að um grundvallar ágreining hafi verið að ræða. Öll voru þau sammála um að vændi og virðing fari ekki saman og samræmist ekki jafnrétti kynjanna. Þeir frummælendur sem veltu fyrir sér orsökum vændis og úrbótum voru einnig sammála um að helstu rætur vændis ættu rætur að rekja til fátæktar, hvort sem um væri að ræða fátækt innan eða milli samfélaga. Lokaniðurstaða ráðstefnunnar var sú að hvergi mætti slaka á umræðunni um vændi; öll umræða væri til góðs til að komast nær orsökum og afleiðingum vændis, bæði fyrir einstaklinga, fyrir jafnréttisbaráttuna og fyrir samfélagið í heild. Erindi frummælenda má lesa í heild sinni á heimasíðu KRFÍ eða á slóðinni:

[http://www.krfi.is/krfi/component/option,com\\_frontpage/Itemid,1/limit,7/limitstart,7/](http://www.krfi.is/krfi/component/option,com_frontpage/Itemid,1/limit,7/limitstart,7/)  
\*\*\*\*\*

## **2) Afhjúpun minnisvarðar um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur**

Í júní var einnig afhjúpaður minnisvarði um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur á fæðingarstað hennar Haukagili í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu. Uppsetning bautasteinsins var gerður í samvinnu við hreppsnefnd Austur-Húnavatnssýslu og ábúendur á Haukagili. Margrét Sverrisdóttir, varaformaður KRFÍ flutti ávarp við athöfnina og Kristín Ástgeirsdóttir hélt erindi um ævi og störf Bríetar.





Margrét Sverrisdóttir flutti ávarp



Minnisvarðinn um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur á túninu við Haukagil í Vatnsdal

\*\*\*\*\*

### 3) 19. júní

Dagurinn var haldinn hátíðlegur að vanda og var fjölmenni í samkomusal KRFÍ í kaffisamsæti sem KRFÍ, Kvenfélagasamband Íslands og Bandalag kvenna í Reykjavík stóðu fyrir.



Góðir gestir á hátíðinni. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir flutti erindi.



Steingerður Steinarsdóttir, ritstjóri 19. Júní 2007

Einnig kom tímaritið út þennan dag. Ritstjóri að þessu sinni var Steingerður Steinardóttir, blaðamaður. Tímaritið 19. júní má nálgast á skrifstofu KRFÍ sem er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00-12:00.

\*\*\*\*\*

## Minningarorð

Vigdís Jóna Rigmor Hansen, fæddist í Reykjavík 28. janúar 1929 og lést 14. júlí s.l. Vigdís lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950 og kandidatsprófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1957. Hún stundaði einnig nám á Ítalíu. Vigdís giftist hvorki né eignaðist börn. Menntun kvenna var henni einkanlega hugleikin. Hún arfleiddi Menningar- og minningarsjóð kvenna að eigum sínum sem að hennar ósk á að nota til að styrkja konur til frekari mennta. Vissulega ómetanleg gjöf fyrir sjóðinn. Þess má geta að sjóðurinn mun úthluta styrkjum í ár og hefur verið auglýst eftir styrkumsóknum sem skila á fyrir 5. september nk. (sjá nánar á heimasíðu KRFÍ [www.krfi.is](http://www.krfi.is))

## Á döfinni

### Hádegisverðarfundur:

Miðvikudaginn **5. september kl. 12:00** verður haldinn opinn fundur í samkomusal Hallveigarstaða með Maryam Namazie, sem á uppruna sinn að rekja til Íran. Maryam býr nú á Bretlandi og verður hér á landi í boði Háskóla Íslands, Siðmenntar og Skeptíkus. KRFÍ hefur tekist að fá hana til að flytja erindi á fundi félagsins og ber hann yfirskriftina: Women's Rights, the Veil and Islamic Rule. Eins og yfirskriftin ber með sér mun Maryam fjalla um mannréttindi kvenna, blæjuna og Íslam. Fundurinn fer fram á ensku með stuttri samantekt á íslensku. Súpa og brauð verður í boði KRFÍ.

### Síðdegisfundur:

Miðvikudaginn **12. september kl. 16:30** verður haldinn opinn fundur í samkomusal Hallveigarstaða með Laurie Bertram sem er ung kanadísk kona af íslenskum uppruna sem hefur rannsakað minnihlutahópa í Kanada, einkum hóp Vestur-Íslendinga og skrifar nú doktorsritgerð um efnið. Í rannsóknum sínum rakst Laurie á merkilega konu, Vestur-Íslendinginn Elinu Salome Halldorsson. Kona þessi var áberandi í stjórn málum á fyrrihluta síðustu aldar og mun Laurie segja okkur sögu hennar á fundinum. Fundurinn fer fram á ensku og að fundi loknum verða veitingar í boði.

### Jólafundur:

Hinn árlegi jólafundur verður haldinn miðvikudaginn **5. desember kl. 20:00**. Sama dag, kl. 16:00 verður sögusýning KRFÍ opnuð í samkomusal Hallveigarstaða. Á sýningunni verða skjöl, myndir og fleira úr 100 ára starfi KRFÍ. Mun sýningin verða opin daglega (mán.-föst.) frá kl. 14:00-18:00 fram að jólum og opnar aftur eftir áramótin.

## Ágætu félagsmenn!

KRFÍ vill gera sem best við félagsmenn sína og auka upplýsingaflæðið. Nokkur hluti félagsmanna hefur gefið upp netföng sín að undanförunu en enn hefur félagið ekki nema hluta netfanga félagsmanna sinna. Að því tilefni óskum við hjá KRFÍ að þeir sem hafa netfang og hafa enn ekki verið skráðir á póstlista félagsins að senda tölvupóst á [krfi@krfi.is](mailto:krfi@krfi.is) og gefa upp nafn og heimilisfang og þið munuð verða sett á póstlistann! Með því berast upplýsingar um hvað er á döfinni hjá félaginu til allra félagsmanna fljótt og reglulega .